



Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogur, 31. janúar 2021

Umsögn Flugmálafélags Íslands um 369. mál, lagafrumvarp, 151. löggjafarþing 2020-2021, Hálendisþjóðgarður.

Flugmálafélag Íslands skorar á stjórnvöld að hafna þingmáli um Hálendisþjóðgarður, mál 369.

Flugmálafélag Íslands eru regnhlífasamtök á sviði flugmála á Íslandi. Innan félagsins starfa nær öll félög, samtök og hópar sem tengjast flugstarfsemi og flugiþróttum á Íslandi. Aðildarfélög Flugmálafélagsins eru á þriðja tug og þar á meðal eru allt frá flugmóðelfélögum til atvinnuflugfélaga, flugskólar, flugklúbbar auk annarra áhugamannafélaga um flug.

Flugmálafélag Íslands vinnur að hagsmunamálum alls flugs í samstarfi við aðildarfélög, stjórnvöld, alþjóðlegar stofnanir auk þess að sinna flugöryggismálum.

Framlagt þingmál gengur alltof nærri viðteknum hefðum, nytja- og almannarétti þeim sem hingað til hefur dugað vel til verndunar hálendisins og hagsmuna þjóðarinnar.

Flugmálafélag Íslands gerir sérstaklega athugasemdir um takmörkun á flugi á langstærstum hluta Íslands.

Flug hefur verið stundað á Íslandi í yfir 100 ár og er einn af lykil samgöngumátum innanlands. Öryggi landsmanna um landið byggir á því að flugvélar geti lent sem víðast, sem hefur verið sannreynt í veikindum og slysum gegnum tíðina.

Frumvarpið felur í sér takmarkanir á flugfrelsi umfram það sem núverandi lög og reglur um loftferðir fela í sér. Óeðlilegt er að gera slíkar breytingar án samráðs við fag- og hagsmunaaðila, enda byggja gildandi reglur á samræmdum Evrópureglum.

Í stað þess að setja takmörkun á flugi á ákveðnum viðkvæmum svæðum á ákveðnum tímum, þá er farin öflug leið, banna alstaðar en leyfa á tilteknum takmörkuðum svæðum. Það er án tillits til árstíðar eða annarra þátta sem hafa áhrif á þá verndun sem hugað er að.

Flugvélar og vélknúin fis hafa nýtt vegi til flugtaks og lendinga víða á hálendinu. Í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir skráðum lendingarstöðum en víða er að finna lendingarstaði sem er hefð er fyrir notkun á. Í

mörgum tilfellum er um að ræða flugvelli sem hafa verið teknir af skrá meðal annars í sparnaðarskyni. Þá eru landingar loftfara á snævi þöktum landi eða jökli bannaðar þó loftför valdi minna álagi í þessum tilvikum en ökutæki sem þó mega aka t.a.m. á jökli. Loftför valda jafnvel minni röskun á jarðvegi en gangandi vegfarendur. Ekkert tillit er tekið til þess í frumvarpinu.



(skýringarmynd úr skýrslu miðhálandisnefndar)

Takmörkun flugs á vélarlausum flugtækjum svo sem svifflugum, svifdrekum, svifvængjum og loftbelgjum er óeðlileg, þar sem það jafngildir banni á flugi innan marka Hálendisþjóðgarðs. Slík loftför gætu þurft að lenda þegar ekki nýtur lengur uppstreymis við eða vindar breytast og flug þessara loftfara yfir þjóðgarðinum því í raun bönnuð.

Því er takmörkun á flugi langt umfram takmörkun allra annarra vélknúinna tækja á umræddu svæði, sem er án allra röksemda. Eðlilegra væri að setja heimild til tímabundinna takmarkana á tilteknum svæðum í málefnalegum tilgangi.

Í lögum um loftferðir er loftfar skilgreint:

„Loftfar nefnist í lögum þessum hvert það tæki, sem lagað er til að hefja sig á loft eða haldast og hreyfast á lofti og telst að eðlirökum loftfar.“

Skilgreining loftferðalaga felur í sér mikla flóru tækja allt frá vélarlausum flygildum yfir í stærstu farþega- og flutningaflugvélar. Notkun hugtaksins loftfar í frumvarpinu er því mjög víðtækt og illmögulegt að sjá hvaða tilgangi eða hagsmunum það þjónar að setja umfangsmiklar takmarkanir á notkun loftfara innan fyrirhugaðs hálandis þjóðgarðs.

Takmörkun á flugi er ekki aðeins óeðlileg takmörkun á ferðafrelsi og þeim hefðarrétti sem flugið hefur áunnið sért síðustu 100 árin, heldur er það líka alvarleg takmörkun á flugi þeirra ferðalanga sem leið eiga um þennan og aðra hluta landsins.

Fyrir hönd stjórnar,

Matthías Sveinbjörnsson

Matthías Sveinbjörnsson

Forseti Flugmálafélags Íslands